

2005110053
9140

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2005

/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmkuð verði aðild að kærumálum til ráðherra annars vegar vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda hvað varðar lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og hins vegar vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Verði frumvarpið að lögum verður öllum heimilt að kæra ákvarðanir ofangreindra stofnana samkvæmt lögnum. Í umsögn þessari er ekki fjallað um þann hluta frumvarpsins sem lítur að breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustu og mengunarvarnir, enda er framkvæmd þeirra laga ekki á verksviði Skipulagsstofnunar.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir því að 2. og 3. mgr. 14. gr. laganna orðist eftirfarandi:

„Öllum er heimilt að kæra til ráðherra þær ákvarðanir Skipulagsstofnunar sem um getur í 1. mgr.

Enn fremur er öllum heimilt að kæra til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að frummatsskýrslan uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.“

Ákvarðanir Skipulagsstofnunnar sem lagt er til með frumvarpinu að öllum verið heimilt að kæra til ráðherra eru eftirfarandi:

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld.
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 5. gr. um að fleiri en ein matskyld framkvæmd sem fyrirhuguð er á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hvor annarri skuli metnar sameiginlega.
- Ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matskýrslu framkvæmdaraðila ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir.

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni.
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að frummatsskýrslan uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Í gildandi lögum segir í 1.- 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lög nr. 74/2005 sem tóku gildi 1. október 2005:

„Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfisráðherra; sömuleiðis ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Þeir einir geta skotið máli til ráðherra sem eiga lögvarða hagsmuni tengda fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar í þeim tilgangi að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.“

Í núgildandi lögum er kæruaðild því vegna ákvarðana sem taldar eru upp í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000, einungis hjá þeim sem eiga lögvarða hagsmuna að gæta af ákvörðun og hjá umhverfis- og hagsmunasamtökum, sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2002, sbr. 12 gr. laga nr. 74/2005. Hvað varðar ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 10. gr. um að frummatsskýrslan uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. felur frumvarpið í sér rýmkun á kæruaðild, frá því að vera einungis heimil framkvæmdaraðila til þess að öllum verði heimilt málskot til ráðherra.

Það er álit Skipulagsstofnunar að frumvarp það til laga sem hér er til umsagnar feli í sér réttarbót til handa almenningi.


Eyjólfur Ármannsson